



Stefna Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólafestna er sett fram sem leiðarljós fyrir skólafarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan er mótuð í samvinnu við foreldra, nemendur, starfsmenn skólans og skólasamfélagið allt út frá stefnumótunarvinnu sem hófst vorið 2019 undir heitinu Framúrskarandi skóli með hliðsjón af Fræðslustefnu Fjallabyggðar sem samþykkt var veturinn 2017 og nýrri Aðalnámskrá grunnskóla.

Gildi Grunnskóla Fjallabyggðar eru:

Metnaður

Virðing

lífsgleði

Sýn Grunnskóla Fjallabyggðar

Starfið í Grunnskóla Fjallabyggðar hefur mótandi áhrif á samfélagið með sterka byggðarsýn og fjölbreytta starfshætti að leiðarljósi þar sem nemendur ná sýnilegum árangri. Allt skólafarfið er samstarfsverkefni skólasamfélagsins. Skólinn er leiðandi í grunnþáttum menntunar sem eru jafnrétti, sjálfbærni, sköpun, mannréttindum, lýðræði, læsi, heilbrigði og velferð.

Skólasamfélagið

Stefnt er að öflugum samstarfi við heimili, fyrirtæki og stofnanir samfélagsins með það að leiðarljósi að þátttaka allra í skólafarfi og skólabróun verði sjálfsgöð og sýnileg. Í skóla ætti öllum að finnast gott og eftirsóknarvert að koma

Uppeldisfræðileg stefna

Grunnskóli Fjallabyggðar vinnur eftir stefnunni “Uppeldi til ábyrgðar”. Stefnan leggur áherslu á góð samskipti sem efla sjálfstraust nemenda. Jákvæður skólabragur er sýnilegur í öllu starfi skólans.

Kennslufræðileg stefna

Starfsfólk Grunnskóla Fjallabyggðar stefnir að og leggur metnað sinn í að beita kennsluaðferðum sem falla að nútíma samfélagi. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, skapandi- og einstaklingsmiðaða kennsluhætti og fjölbreytta lýðræðislega þátttöku nemenda